

## **Fundur stjórnar 19. maí 2014 kl. 20:00 í húsnæði HRFÍ**

Mættir: Jórunn, Ásta, Hilmar og Ingibjörg sem ritaði fundargerð. Svana boðaði forföll

### **1) Fundargerð**

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt en hún er á vef deildarinnar. (sem frétt)

### **2) Upplýsingamál - ársskýrslur og fundargerðir á vefinn.**

Rætt um að tengiliðir setji sjálfir inn auglýsingar á FB síðu Fjár- og hjarðhundadeildar í sínu nafni. Auglýsingar um got verða sett á vefinn sé þess óskað sérstaklega en passað að augl. sé ekki á vefnum árum saman. Ársskýrsla stjórnar 2013 verður sett inn á vefinn og þess gætt að allar nýjar fundargerðir verði birtar á vef deildarinnar. Stjórnin leggur áherslu á að birta tilkynningar stjórnar og HRFÍ á FB. síðu deildarinnar. Formaður óskar eftir ADMIN aðgangi að FB síðu deildarinnar en honum var falið að uppfæra ritstjórn FB síðu deildarinnar eins og rætt var á fundinum. Búið er að búa til lokaðan FB hóp fyrir stjórn deildarinnar

### **3) Umræða um stofnun Heilsufarsnefndar deildarinnar**

Ákveðið að búa til drög að skipunarbréfi fyrir Heilsufarsnefnd deildarinnar og senda á stjórnina til samþykktar. Meðal þess sem nefndinni verður falið að gera er að fara yfir heilsufarsreglur deildarinnar og gera tillögur um breytingar á þeim ef þörf er á. Fara yfir það með tengiliðum hvort þarf að kynna heilsufarsreglur sérstaklega og hvort mikið sé um að félagar í deildinni séu með mál í síðanefnd. Haft verður samband við Guðrúnu S. Sigurðardóttur, Súsönnu Antonsdóttu og Sillu Rós um að taka þátt í starfi nefndarinnar. Ásta verður fulltrúi stjórnar í nefndinni.

### **4) Umræða um hugsanlega sameiningu við Schefferdeild**

Rætt var um sameiningu Fjár- og hjarðhundadeildar og Schefferdeildar á ársfundinum og var málið tekið upp á þessum fundi. Þrír aðilar eru nýir í stjórn og hafa því ekki miklar forsendur til þess að meta hvort það er góður kostur að sameina deildirnar. Rætt að viðra málið við tengiliðina í haust og halda þessu opnu. Hugsanlegt að byrja á samstarfi við Schefferdeildina að tilteknum málum. Ný stjórn Fjár og hjarð telur sig þurfa að ná áttum og læra betur á starfið áður en stefna er tekin í málinu.

### **5) Aðventukvöld**

Aðventukvöld deildarinnar verður haldið föstudaginn 28 nóvember nk. Svana og Hilmar eru beðin leiða skipulagningu kvöldsins

### **6) Fundur með tengiliðum deilda**

Ákveðið að halda fund með tengiliðum deilda í október 2014. Þeir verða einnig boðaðir á ársfund fjár- og hjarðhundadeildar í mars 2015.

### **7) Deildarsýning 2015**

Rætt um að halda deildarsýningu fyrir sauðburð vorið 2015. Ákveðið að fela Láru B. Birgisdóttur að sjá um skipulagningu sýningarinnar. Jórinni verður fulltrúi stjórnar í sýningunni. Þeim er falið að halda utan um viðburðinn og virkja aðra féлага eftir því sem þörf er á.

### **8) Önnur mál**

a) Rætt um að deildin fari í göngu saman í sumar. Niðurstaðan var að fara í lautarferð í fandi Sólheimakots og skoða aðstöðuna þar í leiðinni. Allir komi með nesti. Tími: Sunnudaginn 8. júní kl. 14:00. Formaður sér um að búa til auglýsingu fyrir vef og FB

b) Rætt um mikilvægi þess að greinar komi frá deildinni í Sám. Jórunn ætlar að skoða það að skrifa í næsta Sám.

### **9) Næsti fundur** verður boðaður mánudaginn 15. september kl. 20:00

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið um kl 21:00